

### 3. stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Fjarfundur 19. apríl 2020, kl. 14:00.

**Mættir eru:** Una Hildardóttir (UH), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Ásdís Nína Magnúsdóttir (ÁNM), Geir Finnsson (GF), Rut Einarsdóttir (RE), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS), Tanja Teresa Leifsdóttir (TTL), Sigurður Helgi Birgisson (SHB) starfandi framkvstj. og Heiða Vigdís Sigfúsdóttir (HVS) verkefnastj.

*Fundur settur: 14:07*

*Fundarstjóri: Una Hildardóttir (UH)*

#### Dagskrá:

1. [Fundargerð](#) 2. stjórnarfundar samþykkt.
2. **Samráðshópur mennta- og menningarmálaráðherra um íþrótt- og æskulýðsmál:** SHB sótti fjarfund með samráðshóp undir stjórn ráðherra um stöðu ungmennafélaga í samkomubanni. Ráðherra tilkynnti um 500 m.kr. fjárveitingu til íþrótt- og æskulýðsfélaga. Á fundinum kynnti SHB könnun sem LUF vann um fjárhagsstöðu félaga sem sýnir hversu mikil bein áhrif faraldurinn hefur haft á starfsemi félaganna. SHB brýndi fyrir ráðherra og ráðuneytinu að þessi félagasamtök mættu ekki gleymast.
3. **Hafið - NORA ráðstefna:** HVS kynnr [lokaskýrslu](#) og greinir frá BioDiversity Summit - Webinar, sem hún sótti í framhaldi af ráðstefnunni.
4. **Alþjóðamál:** Öllum viðburðum frestað vegna COVID-19. RE vekur athygli á #SeparatedButUnited herferð YFJ um ungt fólk og félagasamtök í tengslum við COVID-19.
5. **Stefnumótun Æskulýðsráðs:** SHB kynnr tillögur LUF.
  - 5.1. SÞF leggur til að lögð sé meiri áhersla á jafnræði fjárútláta til æskulýðsmála í tillögunum og er það samþykkt.
  - 5.2. Stjórn felur SHB að senda athugasemdir frá stjórn varðandi verklag og brýna fyrir mikilvægi vandaðs samráðs við ungt fólk, einnig ungs fólks utan höfuðborgarsvæðisins. Tillagan er samþykkt.
6. **1. fundur Leiðtogaáráðs:** Frestað vegna samkomubanns og fram fara umræður um möguleikann á að boða fjarfund.
7. **Næsti stjórnarfundur:** Laugardagur 2. maí kl. 14.
8. **Önnur mál:** Engin bárust.

*Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 14:52.*

*SHB ritaði fundargerð.*